

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2024
Tilv.:24021641 / KP

Efni: 301. mál til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis – frumvarp um breytingu á ýmsum lögum varðandi aldursmörk

Við er til tölvupósts frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, dags. 22. febrúar 2024, varðandi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum varðandi aldursmörk. Með frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á lögum um loftferðir nr. 80/2022 þannig að 74. gr. laganna falli brott, ásamt fyrirsögn.

Í 74. gr. laga um loftferðir eru kröfur um aldur. Í greininni segir að ráðherra sé heimilt að kveða á um aldurslágmark við útgáfu vottorðs, þ.m.t. skírteina einstaklinga og staðfestingavottorða, í reglugerð. Aldurshámark flugmanna í flutningaflugi skuli vera 60 ár en ráðherra er heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 65 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur. Þá er ráðherra heimilt að framlengja aldurshámark flugmanna í flutningaflugi loftbelgja eða svifflugna til allt að 70 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

Í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningssflugum sem innleidd er hér á landi með reglugerð um áhöfn í almenningssflugum nr. 180/2014 segir í grein FCL.065 að handhafi flugmannsskírteinis sem hefur náð 60 ára aldri skuli ekki starfa sem flugmaður á loftfari í flutningaflugi nema sem hluti af fjölstjórnaráhöfn og að því tilskyldu að hann sé eini flugmaðurinn í flugáhöfninni sem hefur náð 60 ára aldri. Þá segir að handhafi flugmannsskírteinis sem hefur náð 65 ára aldri skuli ekki starfa sem flugmaður á loftfari í flutningaflugi. Reglugerðin er sett á grundvelli laga um loftferðir og ákvæðið sem vitnað er í hér að framan á sér stoð í 74. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022.

Á Íslandi eru gefin út samevrópsk flugskírteini. Útgáfa þeirra er skv. fyrrnefndri reglugerð ESB. Skírteinin njóta gagnkvæmrar viðurkenningar innan Evrópu og njóta íslenskir flugmenn og flugrekendur mikils ávinnings af því. Sú gagnkvæma viðurkenning byggir á því að sömu reglur gilda við útgáfu skírteina hér á landi og í öðrum aðildarríkjum EES.

Í 67. gr. lið 2 í reglugerð ESB nr. 2018/1139 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins (EASA) sem innleidd var með reglugerð nr. 270/2014 um gildistíma og viðurkenningu vottorða/skírteina/starfsleyfa og yfirlýsinga segir að ef útgefið vottorð/skírteini/starfsleyfi uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur reglugerðarinnar eða framseldra gerða eða framkvæmdareglugerða skal framkvæmdastjórnin á grundvelli tilmæla EASA krefjast þess að aðildarríkið, þ.e. Samgöngustofa grípi til viðeigandi aðgerða til úrbóta og geri viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. takmörkun eða tímabundna ógildingu á vottorði/skírteini/starfsleyfi. EASA framkvæmir reglubundnar úttektir á flugmálayfirvöldum aðildarríkja EES til þess að staðfesta að framangreindar reglugerðir séu uppfylltar.

Að mati Samgöngustofu er óráðlegt tjarlægja lagastoð ákvæðis reglugerðarinnar. Með því yrði gagnkvæm viðurkenning flugskírteina sem gefin eru út á Íslandi sett í hættu og forsendur fyrir útgáfu skírteina í samræmi við ákvæði skírteinareglugerðar ESB brostnar. Ávinningur þeirrar viðurkenningar er mikill. Áhrif þess að atvinnuflugmannsskírteini gefin út af Samgöngustofu hafi ekki gildi utan íslenskrar lofthelgi væru margvísleg og slæm fyrir íslenska flugmenn og flugrekendur enda gætu þeir sem uppfylla ekki aldursmörk sem fram koma í reglugerð ESB ekki nýtt starfsréttindi sín t.d. á meginlandi Evrópu sem hefði veruleg áhrif m.a. á íslenska flugrekendur.

Samgöngustofa mælir því gegn því að 9. gr. frumvarpsins verði samþykkt.

Virðingarfyllt

Katrín Pálsdóttir
hópstjóri náms og skírteina flugliða

Erla Vinsý Daðadóttir
lögfræðingur